



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2018-2019 01.11. 2018 3. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú kveðjum við bleikan október, höldum áfram inn í skólaárið og verður ýmislegt um að vera hjá okkur í þessum mánuði sem og öðrum. Það sem hæst ber hjá okkur er árshátíð skólans sem verður dagana 29. og 30. nóvember. Nú eru æfingar komnar á fullt og má með sannni segja að framundan sé erilsamur tími en vissulega skemmtilegur. Þetta er í annað skipti sem við höldum árshátíð fyrir áramót og verður spennandi að sjá hvernig til tekst, við vonum allavega að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir þetta árið. Hér aftur í bréfinu má sjá hvernig skipulagið verður og að sjálfsögðu hittumst við öll í hátíðarskapi þessa daga.

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember. Þann dag verður Stóra upplestrarkeppnin sett í 7. bekk og einnig Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk.

Starfsáætlun Síduskóla fyrir yfirstandandi skólaár er komin inn á heimsíðuna og má finna hana á slóðinni

https://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/starfsaaetlun2018_2019.pdf

Nú er komin ný innkeyrsla við skólann og biðjum við um það að þegar nemendur eru keyrðir í skólann að nota neðra hringtorgið/sleppisvæðið við innkeyrsluna. Þar eru nemendur komnir strax upp á gangstétt og eru öruggir. Við hvetjum auðvitað alla til að ganga í skólann og nota endurskinsmerki. Við kvörtum nú ekki yfir veðrinu sem er dásamlegt en þegar snjóinn vantar verður myrkrið meira.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga

Á döfinni í nóvember:

6. nóvember	Söngsalur, 2. og 8. bekkur velja lög
8. nóvember	Forvarnardagur gegn einelti
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
29. nóvember	Árshátíð, kennsla til kl. 13:00 á yngsta stigi, fram að hádegi á öðrum stigum..
30. nóvember	Árshátíð, engin kennsla



Nóvember er tileinkaður

Virðingu

Regla mánaðarins er

„Við erum kurteis og jákvæð“

Árshátíð Síðuskóla 2018

Árshátíð Síðuskóla verður haldinn fimmtudaginn 29. og föstudaginn 30. nóvember nk. Á fimmtudeginum hefst skóli klukkan 8:00 og stendur til kl. 13:00 hjá yngstu nemendum en 5.—10.bekkur hættir um hádegisbil. Athugið að 1. bekkur dvelur í skólanum fram að sýningu kl. 14:30 þennan dag þar sem þeir taka þátt í fyrstu foreldrasýningunni. Eldri nemendur ljúka skóla um hádegi en það getur verið aðeins breytilegt eftir því hvernig stendur á. Klukkan 14:30 hefst fyrsta foreldrasýning og þá tekur við dagskrá samkvæmt meðfylgjandi skipulagi. Á föstudag er engin kennsla samkvæmt stundaskrá heldur mæta nemendur í skólann miðað við skipulag.

Fimmtudagur 29. nóvember 2018



Sýning kl. 14:00 – 15:00	
<u>Skemmtikraftar:</u> 1. bekkur 2. bekkur 7. bekkur 10. bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> Foreldrar. Kaffisala eftir sýningu. Enginn aðgangseyrir. Verð á kaffi og meðlæti 1.500 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning kl. 16:00 – 17:00	
<u>Skemmtikraftar:</u> 3. bekkur 4. bekkur 8. bekkur x 2 10. bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> Foreldrar. Kaffisala fyrir og eftir sýningu. Enginn aðgangseyrir. Verð á kaffi og meðlæti 1.500 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning kl. 19:30 – 20:30 Ball kl. 20:35 – 22:00	
<u>Skemmtikraftar:</u> 5. bekkur 7. bekkur 8. bekkur x 2 10. bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> 5.—7. bekkingar Sýning og ball. Aðgangseyrir á ball: 500 kr. Sjoppa og tómstundaherbergi opið.

Föstudagur 30. nóvember



Sýning kl. 10:00 – 11:00 Ball kl. 11:05 – 12:20	
<u>Skemmtikraftar:</u> 4. bekkur 5. bekkur 7. bekkur 10. bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> Nemendur 1. – 4. bekkjar. Enginn aðgangseyrir. Ball eftir sýningu (drykkur + bland í poka selt dagana á undan). Verð á poka? Tómstundaherbergi opið.
Sýning kl. 14:00 – 15.00	
<u>Skemmtikraftar:</u> 3. bekkur 4. bekkur 5. bekkur 10. bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> Foreldrar. Kaffisala eftir sýningu. Enginn aðgangseyrir. Verð á kaffi og meðlæti 1.500 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning kl. 17:00 – 18.30	
<u>Skemmtikraftar:</u> 8. bekkur 10. bekkur Annáll Nemendagrín Skólagrín	<u>Árshátíðargestir:</u> Nemendur 8. – 10. bekkja og gestir þeirra. Enginn aðgangseyrir.
Ball kl. 20:30 – 23:30	
	Nemendur 8. – 10. bekkja og aðrir ballgestir. Aðgangseyrir: 1.500 kr. Tómstundaherbergi opið.

Jól í skókassa

Eins og undanfarin ár taka nemendur 7. bekkjar þátt í verkefninu Jól í skókassa. Þetta er í sjötta sinn sem Síðuskóli er með. Að þessu sinni fóru rúmlega 20 kassar frá okkur. Nemendur pökkuðu inn tónum skókössum og söfnuðu dóti í þá handa börnum í Úkraníu. Það sem þarf að vera í hverjum kassa er tannbursti, tannkrem, sápa, þvottapoki, ritföng, fatnaður, dót og nammi. Auk þess eru 1000 kr. settar í hvern kassa upp í sendingarkostnað. Nemendur pössuðu vel upp á að allt væri með. Kassarnir voru afhentir í Sunnuhlið þar sem nemendur og kennarar fengu frekari fræðslu um verkefnið. Hér fyrir neðan má sjá myndir sem teknar voru er nemendur unnu þetta skemmtilega verkefni.



Göngum í skólann 2018

Átakið Göngum í skólann stóð yfir hjá okkur í Síðuskóla frá 5.september til 10.október. Þá var athugað hvaða ferðamáta nemendur notast við til að koma í skólann. Skráð var hversu duglegir nemendur voru að ganga, hjóla eða nota strætó í skólann. Markmið átaksins er að hvetja nemendur til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni.

88% nemenda notuðust við virkan ferðamáta í skólann yfir þetta tímabil.

12% nemenda komu með einkabíl í skólann yfir þetta tímabil.

Þessar niðurstöður eru því miður ekki eins góðar og í fyrra. Árið 2017 notuðu 91% nemenda Síðuskóla virkan ferðamáta til þess að koma í skólann. Því er mikilvægt að halda áfram að hvetja nemendur og starfsfólk að nota virkan ferðamáta.



Söngsalir

Söngsalir eru skemmtileg hefð sem hefur skapast í starfinu hjá okkur í Síðuskóla. Í vetur ætlum við alls að syngja í skipti saman á sal, þrisvar fyrir áramót og þrisvar eftir áramót. Í hvert skipti velja tveir bekkir lög sem undirleikarinn fær send, æfir sig á og kemur á sal og spilar undir. Textunum er varpað á tjald í salnum til að allir geti sungið með, þó þeir muni ekki textann. Síðasti söngsalur var 4. október, þá kom Magni Ásgeirsson og spilaði undir og skapaðist góð stemmning og skemmtu allir sér vel. Næsti söngsalur er 6. nóvember nk. og jólasöngsalurinn verður 5. des. Það skapast alltaf góð stemmning í salnum þegar allir nemendur og allt starfsfólk kemur saman og syngur, annaðhvort lög sem unnið hefur verið með í Söngvaflóði eða lög sem nemendum finnst gaman að syngja og allir kunna. Hér má sjá nokkrar myndir frá síðasta söngsal 4. október.



MATSEÐILL - nóvember 2018

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
			1. Ofnbakaður fiskur, katröflur, köld sósa og ávextir	2. Sveppasúpa og brauð
5. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	6. Dönsk buff, sósa, kartöflur og grænmeti	7. Spaghetti fiskur, salatbar	8. Kjúklingur, kartöflur, sósa og maís	9. Skyr, brauð og álegg
12. Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör og ávextir	13. Hakkbollur, hrísgrjón, sósa og grænmeti	14. Óskadagur 5.bekkjar	15. Svínapottréttur, hrísgrjón, grænmeti	16. Pylsupasta, salatbar
19. Ofnbakaður fiskur, katröflur, köld sósa og ávextir	20. Soðið slátur, kartöflur og jafningur	21. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	22. Grænmetisbuff, hrísgrjón, sósa og salatbar	23. Mjólkurgrautur, slátur
26. Kjötbúðingur, kartöflur, sósa og grænmeti	27. Silungur, steiktur kartöflur, sósa	28. Lambakjöt, hrísgrjón, karrýsósa og grænmeti	29. Árshátíð	30. Árshátíð